



Leikmaður undir aldri.

Yfirlýsing leikmanns og foreldris/forráðamanns.

Vitneskja

Undirritaður leikmaður ásamt foreldri/forráðarmanni hafa í dag kynnt sér reglugerð um Íslandsmótið í íshökkí. Áðurnefndir aðilar gera sér grein fyrir því að leikmaðurinn er undir þeim aldurstakmörkunum sem reglugerðin gerir ráð fyrir. Einnig er fyrrnefndum aðilum ljóst að leikmaðurinn getur, vegna ungs aldurs og aldursmunar hans og annarra sem kunna að taka þátt, verið í meiri hættu á að meiðast eða verða fyrir öðru tjóni með þátttöku í leik eða æfingum í meistaraflokki. Leikmaður ásamt foreldri/forráðamanni er það einnig ljóst að með þátttöku í æfingum/keppni með meistaraflokki, gengst leikmaðurinn undir þær skyldur er snúa að lyfjaeftirliti og lagðar eru á íþróttamenn, þar með talin lyfjapróf.

Yfirlýsing

Það er ósk undirritaðs leikmanns ásamt foreldri/forráðamanni hans, að honum verði heimil þátttaka í meistaraflokki á Íslandsmótinu í íshökkí þrátt fyrir að uppfylla ekki aldursskilyrði þau sem sett eru í reglugerðinni um Íslandsmótið í íshökkí. Undirritaður leikmaður og foreldri/forráðamaður hans lýsa því hér með yfir að þau telja leikmann bæði andlega og líkamlega tilbúinn til að æfa og leika í meistaraflokki á Íslandsmótinu í íshökkí.

Með undirritun á skjal þetta lýsa leikmaðurinn og foreldri/forráðamaður hans yfir að þau muni ekki hafa uppi neinar kröfur á hendur:

- Íshökkísambandi Íslands (ÍHÍ) eða öðrum þeim er starfa á vegum ÍHÍ.
- aðildarfélagum ÍHÍ eða þeim er starfa á þeirra vegum.
- leikmönnum aðildarfélaga ÍHÍ.

verði leikmaðurinn fyrir slysi eða öðru tjóni sem má rekja til þátttöku leikmannsins í meistaraflokki Íslandsmótsins í íshökkí.

Yfirlýsing þessi nær þó ekki til kæru sem getur komið til vegna brota skv. almennum hegningarlögum.

Leikmaður

Foreldri/forráðamaður

Dagsetning
